

456. fundur velferðarnefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 12. febrúar 2021
og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Pórir Guðmundsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Hlynur Reynisson, Hulda María Guðjónsdóttir aðalmaður, Bragi Rúnar Axelsson formaður, Auður Helga Ólafsdóttir aðalmaður, Harpa Björnsdóttir aðalmaður og Dagbjört Sigrún Hjaltadóttir áheyrnarfulltrúi.

Embættismenn:

Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, Alberta G Guðbjartsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu og Harpa Stefánsdóttir, ráðgjafi á velferðarsviði.

Fundargerð ritaði: Alberta G Guðbjartsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu.

Dagskrá:

1. Trúnaðarmál - velferðarnefnd - 2011090094

Eitt trúnaðarmál kynnt í velferðarnefnd.

Trúnaðarmál afgreitt og fært til bókar í trúnaðarmálabók velferðarnefndar.

2. Kynning og styrkbeiðni 2021 - 2021020060

Lagður fram tölvupóstur Aldísar Jónínu Höskuldsdóttur forstöðukonu Dyngjunnar, dags. 12.janúar 2021, þar sem starfsemi áfangameilis er kynnt og óskað er eftir styrk.

Velferðarnefnd þakkar erindið, en sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni að svo stöddu.

3. Stefnumótun og gerð langtíma fjárhags- og rekstraráætlunar Ísafjarðarbæjar - 2019030079

Á 451. fundi velferðarnefndar, þann 1. október 2020, voru kynntar tillögur úr skýrslu HLH ehf. um stjórnsýsluúttekt er varðar velferðarsvið.

Lagt fram minnisblað Margrétar Geirsdóttur, sviðsstjóra, dags. 11.október 2020, um tillögur er varða velferðarsvið.

Velferðarnefnd staðfestir niðurstöðurnar sem koma fram í minnisblaðinu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:00

Hlynur Reynisson

Hulda María Guðjónsdóttir

Bragi Rúnar Axelsson

Auður Helga Ólafsdóttir

Harpa Björnsdóttir

Dagbjört Sigrún Hjaltadóttir

Margrét Geirsdóttir

Alberta G Guðbjartsdóttir

Harpa Stefánsdóttir